

Pétur Behrens

Pétur Behrens kom fyrst til Íslands árið 1959, þýskur námsmaður í leit að vinnu. Hann kynntist íslenska hestinum og flutti alkominn til landsins 1962. Árið 1963 sá hann auglýsingu í Tímanum, um að það vantaði tamningamann norður á Efra-Vatnshorn í Húnavatnssýslu. Hann hringdi í bóndann og sagðist vera tamningamaður, þótt hann hefði enga reynslu nema smávægilega af stórum hestum í Þýskalandi. En áhuginn og þrautsegjan er það sem gerir menn úr ungu fólki. Þar með hófst tamningaferill Péturs, og afskipti hans af hestamennsku og reiðmennsku á Íslandi. Þau afskipti hafa staðið óslitið síðan, og allir geta verið sammála um að þau afskipti hafi verið til góðs.

Árið 1966 kynntist hann fyrri konu sinni, Ragnheiði Sigurgrímsdóttur. Saman voru þau í fararbroddi á mótunarárunum í kring um 1970, þegar áhrif erlendra reiðhefðar, einkum þýskrar, helltust yfir íslenska hestamenn, sumum til ánægju og öðrum ekki. Í mörg ár var Keldnakot í gamla Stokkseyrarhreppi ein af miðstöðvum reiðmennsku og tamninga hér á landi.

Pétur átti drjúgan þétt í stofnun Félags tamningamanna, sem var stofnað á Hótel Loftleiðum 1970. Hugmyndin kviknaði þó í litlu risherbergi norður á Ströndum þar sem Pétur og fleiri störfuðu við tamningar. Pétur var lengi í stjórn félagsins og var einskonar siðameistari þess, en honum þótti skorta nokkuð á aga í stétt tamningamanna á Íslandi, alla vega framan af. Hann var einn af stofnendum hestamannafélagsins Geisla í Breiðdal og formaður þess um skeið, og var í stjórn HRAUST um árabíl.

Pétur átti sæti í landsliði Íslands á Evrópumóti í Sviss 1973. Hann var oft liðstjóri liðsins, en þar naut tungumálakunnátta hans sín vel. Hann er höfundur bókarinnar AÐ TEMJA, sem var gefin út af Eiðfaxes 1981. Og að lokum má geta þess að Pétur, og kona hans Marietta Maissen, hafa í fjölmörg ár þýtt ógrynnin öll af greinum og viðtölum við íslenskt hestafólk yfir á þýsku fyrir Eiðfaxes International og komið þannig íslenskri hestamennsku og íslenskum viðhorfum til skila yfir á meginlandið.

Fyrir framlag sitt til hestamenskunnar hlýtur Pétur Behrens gullmerki LH.